

## Alþjóðaheilbrigðisdagurinn 7. apríl 2006

### Ræða Sivjar Friðleifsdóttur á morgunverðarfundum í tilefni dagsins

Ágætu fundargestir!

Alþjóðaheilbrigðisdagurinn er haldinn 7. apríl ár hvert og hefur með árunum skipað æ hærri sess í starfsemi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, eða WHO eins og við köllum stofnunina í daglegu tali, og þó umfram allt meðal aðildarríkanna. Þann 7. apríl er athyglinni beint að einhverju tilteknu máli eða málaflökki. Í ár eru einkunnarorð dagsins *Samstarf í þágu heilbrigðis* (Working together for Health) og hefur stofnunin beint þeim tilmælum til aðildarríkja sinna að þau taki til umfjöllunar vandamál heilbrigðisstarfsfólks og mönnun heilbrigðisþjónustunnar.

Í mínum huga er enginn vafi á því að góð heilbrigðisþjónusta byggist fyrst og fremst á góðu og vel menntuðu starfsfólki. Jafnhliða verður að tryggja að heilbrigðisþjónustan sé vel skipulögð, að hún búi við góðan húsakost, nútíma lækningatæki og skilvirk upplýsingakerfi. Sömuleiðis er mikilsvert að heilbrigðisstarfsfólki sé skapað nægilega gott vinnuumhverfi þar sem hver og einn fær notið sín.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur að margvíslegur vandi steðji að í starfsmannamálum víða um lönd og að þörf sé samræmdra aðgerða til þess að bæta ástandið. Vel menntaðir heilbrigðisstarfsmenn flytja nú í vaxandi mæli frá fátækum ríkjum til hinna ríkari þar sem laun og annar aðbúnaður er mun betri. Afleiðingin er sú að ekki er hægt að halda uppi nægjanlega góðri heilbrigðisþjónustu í þróunarlöndunum og heilbrigðisástandið í þeim fer versnandi. Þetta er önnur hlið vandans

Forstjóri WHO Dr. LEE Jong-wook leggur áherslu á að ástandið í fátækari löndum heimsins geti m.a. haft mikil áhrif á viðbúnað þeirra gagnvart hugsanlegum heimsfaraldri influensu, rýrt möguleika ríkja til þess að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og dregið úr árangri WHO í baráttunni við þá sjúkdóma sem helst þjaka íbúa heimsins. Það er því áriðandi að WHO og hin auðugari ríki heimsins reyni í sameiningu og með öllum tiltækum ráðum að sporna við þessari þróun.

Það kann að virðast sem svo að staða heilbrigðismála á Íslandi sé það góð að ýmislegt af því sem forsvarsmenn WHO hafa dregið fram í dagsljósið í tilefni alþjóðaheilbrigðisdagsins eigi alls ekki við hér á landi. Sú er vissulega ekki raunin heldur taka vandmálin á sig aðra mynd hér en í þróunarlöndunum. Að mínum dómi tengjast þau mörg hver vinnuumhverfi heilbrigðisstétta og þeirri staðreynd að í bili fjölgar ekki nægjanlega mikið í öllum heilbrigðisstétum.

Kannanir hafa ítrekað leitt í ljós að heilbrigðisstarfsfólk kvartar yfir, vinnuumhverfi, kjörum og álagi á heilbrigðisstofnunum. Mér segir svo hugur um að stjórnendur hafi e.t.v. ekki hugað nægilega að starfsmannamálum og gæðamálum á vinnustöðum sínum. Þetta eru atriði sem eru jafnmikilvæg eins og að halda starfseminni innan ramma fjárlaga á hverjum tíma. Allir sem bera ábyrgð á heilbrigðisþjónustunni og láta sig hana einhverju varða verða að gefa gaum að því sem starfsfólkið er að segja.

Á næstu árum má að öllu óbreyttu vænta vaxandi skorts á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Aftur á móti gefa athuganir á þróun vinnumarkaðarins til kynna að til lengri tíma litið verði hér nægjanlegur fjöldi lækna, tannalækna og sjúkrahjálfa. Það sem veldur hins vegar mestri óvissu um þróun heilbrigðisþjónustunnar er staða ófaglærðs starfsliðs. Þar getur þensla á vinnumarkaði og breytingar á launakjörum valdið því að margir sækja í störf utan heilbrigðisgeirans. Auk þess sjáum við í dag ríka tilhneingingu hjá ungu fólki að leita frekar í önnur störf en umönnunarstörf í heilbrigðis- og velferðarþjónustunni.

Í ljósi þessarar þróunar má fullyrða að starfsmannamál heilbrigðisþjónustunnar kalli á aukið samstarf yfirvalda heilbrigðismála og menntamála. Það verður einfaldlega að sjá til þess að ákveðið jafnvægi ríki á vinnumarkmiði heilbrigðisstétta og að ákvarðanir um aðgang að einstökum námsbrautum og skólum taki mið af því. Á næstunni mun ég taka upp viðræður við menntamálaráðherra um þessi mál og þá einkum þann vanda sem er yfirvofandi vegna skorts á hjúkrunarfræðingum.

Hér á eftir verða kynntar fyrstu niðurstöður mannaflaspár til lengri tíma fyrir heilbrigðisþjónustuna, en í því verkefni hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið notið fulltingis Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Það er von mín að umrædd spá verði endurskoðuð árlega og veiti okkur stuðning við að bæta starfsmannamál heilbrigðisþjónustunnar og skapa heilbrigðisstarfsmönnum betri starfsskilyrði en þeir búa við í dag.

Ágætu fundarmenn.

Hér með segi ég þennan fund settan.

*(Talað orð gildi)*